

STJÓRNARTÍÐINDI B 25 – 2001

Nr. 195

454

14. mars 2001

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 373, 5. júní 2000,
um loðnuveiðar íslenskra skipa.

1. gr.

Í stað: „818.626 lestir“ í 2. mgr. 2. gr. komi: 918.626 lestir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 14. mars 2001.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

Nr. 196

15. mars 2001

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III B og IV B við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Úr tollnúmeri:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0701.9000	Kartöflur, bökunar, 65 mm og stærri	16.03.-30.06.01	ótilgr.	15	30
Tollnúmer:					
0702.0002	Tómatar, nýir eða kældir	16.03.-01.04.01	ótilgr.	7,5	50
0702.0002	Tómatar, nýir eða kældir	02.04.-15.04.01	ótilgr.	15	99
0702.0002	Tómatar, nýir eða kældir	16.04.-22.04.01	ótilgr.	22,5	148
0703.9001	Blaðlaukur	16.03.-30.06.01	ótilgr.	30	0
0704.1000	Blómkál	16.03.-30.06.01	ótilgr.	30	0